

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/492

2024/EES/11/49

frá 25. mars 2019

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 391/2009 að því er varðar útgöngu Bretlands úr Sambandinu (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins (1),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð (2),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 29. mars 2017 lagði Bretland fram tilkynningu um þá fyrirætlan sína að ganga úr Sambandinu skv. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Sáttmálarnir hætta að gilda um Bretland frá og með þeim degi þegar útgöngu-samningur öðlast gildi eða, sé ekki um slíkan samning að ræða, tveimur árum eftir tilkynninguna, þ.e. 30. mars 2019, nema leiðtogaráðið, í samráði við Bretland, ákveði einróma að framlengja það tímabil.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 (3) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/15/EB (4) mynda saman regluramma fyrir starfsemi viðurkenndra stofnana sem skoða, hafa eftirlit með og annast skirteinisútgáfu fyrir skip.
- 3) Í samræmi við 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009 á framkvæmdastjórnin að meta stofnanir, sem hún hefur viðurkennt á vettvangi Sambandsins og sem skoða, hafa eftirlit með og annast skirteinisútgáfu fyrir skip („viðurkenndar stofnanir“), reglulega og a.m.k. á tveggja ára fresti ásamt aðildarríkinu sem lagði fram viðkomandi beiðni um viðurkenningu stofnunarinnar.
- 4) Af ástæðum sem varða jafna meðferð á framkvæmdastjórnin að meta stofnanir sem viðeigandi ríki viðurkenndi upphaflega, í samræmi við tilskipun ráðsins 94/57/EB (5), og njóta, sem stendur, viðurkenningar Sambandsins, skv. 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, ásamt aðildarríkinu sem upphaflega viðurkenndi þessar stofnanir.
- 5) Viðurkenndar stofnanir verða, í samræmi við 7. og 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, að halda áfram að fara að kröfunum og lágmarksviðmiðunum, sem settar eru fram í I. viðauka við þá reglugerð, til að halda áfram að njóta góðs af viðurkenningu Sambandsins. Þetta er sannreynt með símati sem framkvæmdastjórnin framkvæmir ásamt viðkomandi aðildarríki í samræmi við 1. mgr. 8. gr þeirrar reglugerðar. Þar af leiðandi gegnir reglulegt mat mikilvægu hlutverki fyrir áframhaldandi viðurkenningu stofnana.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 851, 27.3.2019, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 326/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB C 62, 15.2.2019, bls. 298.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 13. mars 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 19. mars 2019.

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit (Stjtið. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 11).

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/15/EB frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda (Stjtið. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 47).

(5) Tilskipun ráðsins 94/57/EB frá 22. nóvember 1994 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaefirlit og -skoðun og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda (Stjtið. EB L 319, 12.12.1994, bls. 20).

- 6) Í kjölfar útgöngu Bretlands úr Sambandinu mun Bretland ekki lengur geta tekið þátt í matinu sem framkvæmt er skv. 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009.
- 7) Viðurkenndu stofnanirnar, sem Bretland viðurkenndi upphaflega, njóta, sem stendur, viðurkenningar Sambandsins og önnur aðildarríki hafa falið þeim skyldur í tengslum við skoðun, eftirlit og skirteinisútgáfu fyrir skip í samræmi við 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/15/EB. Því ætti að breyta 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009 til að tryggja að þær stofnanir haldi áfram að sæta mati í samræmi við kröfur þessa ákvæðis.
- 8) Einnig ætti að taka tillit til vöktunar- og eftirlitsskyldnanna sem aðildarríkin þurfa, sem stendur, að uppfylla skv. 9. gr. tilskipunar 2009/15/EB. Hvað þetta varðar ætti framkvæmdastjórnin að meta viðurkenndar stofnanir, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 391/2009, ásamt aðildarríkinu eða aðildarríkjunum sem veittu heimild fyrir viðkomandi viðurkennda stofnun í samræmi við 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/15/EB.
- 9) Til að tryggja samræmi milli landsbundinna aðgerða og aðgerða Sambandsins að því er varðar vöktun á viðurkenndum stofnunum ætti framkvæmdastjórnin að hafa samráð við sérfræðinga og auðkenna og miðla góðum starfsvenjum til að forðast tvíverknad og nýta sem best fyrirbyggjandi getu og tilföng.
- 10) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi sem fyrst eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og hún ætti að koma til framkvæmda frá og með deginum eftir að reglugerð (EB) nr. 391/2009 hættir að gilda um Bretland.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009 kemur eftirfarandi:

„1. Framkvæmdastjórnin skal, ásamt aðildarríkinu eða aðildarríkjunum sem veittu heimild fyrir viðurkenndu stofnanirnar, í samræmi við 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/15/EB, meta allar viðurkenndar stofnanir reglulega og a.m.k. á tveggja ára fresti til að sannreyna að þær uppfylli skyldurnar, samkvæmt þessari reglugerð, og fari að lágmarksviðmiðunum sem settar eru fram í I. viðauka við þessa reglugerð. Matið skal takmarkast við þá starfsemi viðurkenndu stofnananna sem fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar.“

2. gr.

Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um áhrif þessarar reglugerðar eigi síðar en þremur árum frá því þessi reglugerð kemur til framkvæmda.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún skal koma til framkvæmda frá og með deginum eftir að reglugerð (EB) nr. 391/2009 hættir að gilda um Bretland.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 25. mars 2019.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

A. TAJANI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

G. CIAMBA

forseti.